

Fundargerð Sprotasjóðs 8. maí 2019.

Mættar voru til Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, Sigrún Vésteinsdóttir (SV), umsýsluaðili Sprotasjóðs, og Dana Rán Jónsdóttir (DRJ) nýr starfsmaður sjóðsins sem mun taka við af SV. Björk setti fundinn kl. 14:20. DRJ var fundarritari.

Fundur þessi var haldin utan hefðbundinnar dagskrár í þeim tilgangi að kynna nýjan starfsmann Sprotasjóðs.

Tekin voru fyrir þrjú mál varðandi umsóknir sem að umsýsluaðilar vildu leggja undir stjórn. BÓ og SI voru búnar að fá umboð frá hinum stjórnarmeðlimum til þess að taka ákvörðun varðandi þessi mál.

Verkefnastjóri UMS-28 sendi bréf til stjórnar þar sem óskað var eftir frest til eins árs og ástæður vegna þess tilgreindar. Stjórn samþykkti að gefa verkefninu þennan frest og ákveðið var að verkefnið þyrfti að skila inn áfangaskýrslu í lok sumars 2019 og lokaskýrslu í júní árið 2020.

Mál varðandi UMS-87. Sjóðurinn óskaði eftir breytttri kostnaðaráætlun verkefnis í samræmi við svarbréf Sprotasjóðs. Í nýrri kostnaðaráætlun frá verkefnastjóra voru enn inni kostnaðarliðir sem skv. vinnureglum Sprotasjóðs, eru ekki styrktir. Stjórn ákvað að það yrði haft samband við verkefnastjóra og útskýrt betur hvað það er sem sjóðurinn styrkir og hvað ekki. Mikilvægt er að skólinn sendi inn nýja kostnaðaráætlun í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Þriðja málið varðaði UMS-127 þar sem að hærri kostnaður var á ákveðnum liðum verkefnisins en upprunaleg kostnaðaráætlun gaf til um. Stjórn ákvað að umsækjendur þurfi að greina frá hvers vegna þetta ósamræmi er milli kostnaðaráætlunar í umsókn og rekstrarreiknings. Málið verður tekið upp á næsta fundi þegar rökstuðningur verkefnastjóra liggur fyrir.

Stjórn ræddi um mikilvægi þess að bæta upplýsingaflæði sjóðsins til skóla. Hugmyndin er að koma á fót Facebook síðu fyrir Sprotasjóð en það mál var rætt á síðasta fundi stjórnar. Ákveðið var að DRJ og einn stjórnarmeðlimur Sprotasjóðs, Anna María Gunnarsdóttir frá Kennarasambandi Íslands, mundu halda fund með fulltrúa frá útgáfusviði KÍ og fara yfir það hvernig best væri að setja upp svoleiðis síðu. Áætlað er að sá fundur verði í júní.

Fundi slitið kl. 15:15